

Kirkjuþing 2020-2021.

23. mál - þskj. 23

T I L L A G A

til þingsályktunar um hlutdeild ungs fólks í kirkjustarfi og stjórn þjóðkirkjunnar á Íslandi.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af Berglindi Hönnudóttur og Þuríði Björgu Wiium Árnadóttur.

Frsm. Þuríður Björg Wiium Árnadóttir.

Kirkjuþing 2021-2022 ályktar að fylgja skuli eftir, hvað íslensku þjóðkirkjuna varðar, ályktun tólfta þings Lúterska heimssambandsins frá árinu 2017 um þátttöku ungs fólks í stjórn aðildarkirkna sambandsins.

Miða skal við að ungt fólk, þ.e. það sem er á aldrinum sextán til þrjátíu og fimm ára, sé að jafnaði minnst tuttugu hundraðshlutar þeirra innan hvernar skipulagsheildar þjóðkirkjunnar sem hverju sinni taka bindandi ákvarðanir, semja áætlanir, skipuleggja starfsemi og hafa kosningarrétt.

Verði því eigi við komið, að tryggja hlutdeild ungs fólks samkvæmt framanskráðu, skal veita fulltrúum þess eðlilegan rétt til áheyrnar, málfrelsis og framlagningar tillagna.

Kirkjuþing 2021 beinir því til biskups Íslands og forsætisnefndar kirkjuþings að fara yfir eigið skipulag og starfsemi, svo og þær nefndir og önnur fjölskipuð stjórnvöld, nefndir og ráð sem starfa á þeirra vegum og leggja fram á kirkjuþingi 2022, eftir því sem þurfa þykir, tillögur að nauðsynlegum breytingum á starfsreglum til að ná ofangreindum markmiðum. Ef við á verði verklagsreglum, skráðum jafnt sem óskráðum, eða öðrum sambærilegum heimildum breytt í sama skyni og þær breytingar kynntar kirkjuþingi 2022.

Greinargerð.

Á kirkjuþingi 2017 var samþykkt þingsályktun þar sem ályktað var að fylgja skyldi eftir, hvað íslensku þjóðkirkjuna varðar, ályktun tólfta þings Lúterska heimssambandsins frá árinu 2017 um þátttöku unga fólksins í stjórn aðildarkirkna sambandsins.

Ályktunin sem samþykkt var er eftirfarandi:

Dingsályktun um hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn.

Kirkjuþing 2017 ályktar að fylgja skuli eftir, hvað íslensku þjóðkirkjuna varðar, ályktun tólfta þings Lúterska heimssambandsins frá árinu 2017 um þátttöku unga fólksins í stjórn aðildarkirkna sambandsins.

Miða skal við að ungt fólk, þ.e. sem er á aldrinum sextán til þrjátíu ára, sé að jafnaði minnst tuttugu hundraðshlutar þeirra innan hvernar skipulagsheildar þjóðkirkjunnar sem hverju sinni taka bindandi ákvarðanir, semja áætlanir, skipuleggja starfsemi og hafa kosningarétt.

Verði því eigi við komið að tryggja hlutdeild unga fólksins samkvæmt framanskráðu skal veita fulltrúum þess eðlilegan rétt til áheyrnar, málfrelsis og framlagningar tillagna.

Kirkjuþing 2017 beinir því til biskups Íslands, forsætisnefndar kirkjuþings og kirkjuráðs að fara yfir eigið skipulag og starfsemi, svo og þær nefndir og önnur fjölskipuð stjórnvöld, nefndir og ráð sem starfa á þeirra vegum og leggja fram á kirkjuþingi 2018, eftir því sem þurfa þykir, tillögur að nauðsynlegum breytingum á starfsreglum til að ná ofangreindum markmiðum. Ef við á verði verklagsreglum, skráðum jafnt sem óskráðum, eða öðrum sambærilegum heimildum breytt í sama skyni og þær breytingar kynntar kirkjuþingi 2018.

Ljóst er að þessu hefur ekki verið fylgt eftir og breytingar voru ekki kynntar á kirkjuþingi 2018. Því er því beint til kirkjustjórnar að kynna breytingarnar eigi síðar en á kirkjuþingi 2022.

Tillaga þessi leggur einnig til að rýmkað verði aldursbil þeirra sem teljist til hóps ungs fólks innan þjóðkirkjunnar á Íslandi. Er það meðal annars gert í ljósi þeirrar staðreyndar að ekki yrði unnt að kjósa til kirkjuþings samkvæmt eldri tillögu, þar sem einungis tveir vígðir uppfylla skilyrði um að vera undir þrítugu. 14 vígðir eru hinsvegar undir 35 ára og því væri hægt að kjósa til kirkjuþings samkvæmt tillögu þessari.